



## STS Samtök tónlistarskólustjóra

*Association of Icelandic Music School Directors*

Akureyri 10.11.2014

Stjórn samtaka tónlistarskólustjóra skorar á Samtök Íslenskra Sveitarfélaga að semja við félag tónlistarkennara hið fyrsta!

Stjórn STS telur óhæft að sveitarfélög á Íslandi geri lítið úr námi nemenda skólanna og faglegu starfi kennara þeirra með því að meta álag og mikilvægi starfs tónlistarkennara skör neðar en sambærileg störf grunn- og leikskólakennara. Slíkt er ekki í samræmi við stefnu mennta- og menningarmálaráðherra sem m.a. lét hafa eftir sér á á málþingi um list- og verkgreinakennslu og sköpun í skólastarfi á Grandhotel fyrr á þessu ári að hann legði að jöfnu þá þekkingu sem hann öðlaðist í tónlistarskólum og þá sem hann öðlaðist í grunn- og menntaskólum.

Stjórn STS hvetur samninganefnd sveitarfélaga enn fremur til að kynna sér mismunandi starfsaðstæður í tónlistarskólum og almennt verklag í skólum á landinu áður en óraunhæfar hugmyndir um starfstíma og vinnutímaálag eru lagðar fram.

Með vinsemd og virðingu!

Fyrir hönd Stjórnar

Hjörleifur Örn Jónsson

Formaður Samtaka Tónlistarskólustjóra